

Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð:

Framkvæmdastjóri	1
Hjúkrunarforstjóri	0,8
Sjúkraliðar í umönnum	2,5
Starfsmenn við aðhlynningu	0,4
Hjúkrunarforstjóri	0,8
Mötuneyti stöðugildi	1,3

Skrá þessi tekur þegar gildi við birtingu.

Fjarðabyggð, 19. janúar 2005.

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.

AUGLÝSING**um hækkun sorphirðugjalda í Fjarðabyggð.**

Með vísan til 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og 7. gr. samþykktar nr. 153/2000 um sorphreinsun í Fjarðabyggð hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkt að hækka gjaldskrá fyrir hirðu og eyðingu sorps í Fjarðabyggð nr. 56/2002. Í 2. gr. gjaldskrár verður sorphirðugjald 7.900 kr. og sorpeyðingargjald í 6.800 kr. á hverja tunnu. Hækkun gjalda var samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 15. desember 2004 og öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 19. janúar 2005.

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 574, 7. júlí 2004 um loðnuveiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á loðnuvertíðinni 2004/2005.**

1. gr.

Í stað: „26.600“ í 1. mgr. 3. gr komi: 78.600.

2. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 20. janúar 2005.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.